



Skipulagsnefnd - 10.11.2014

05. fundur

10. nóvember 2014, kl 13:00-14:00

Fundarstaður: Hótel Reyhlið

Fundarmenn:

Helgi Héðinsson, form.

Birgir Steingrímsson

Guðrún Brynleifsdóttir

Karl Emil Sveinsson

Hólmgeir Hallgrímsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Varamaður í fjarveru Péturs Snæbjörnssonar

Varamaður í fjarveru Selmu Ásmundsdóttur

Dagskrá:

1. *Geiteyjarströnd. Tillaga að deiliskipulagi og breyting á aðalskipulagi.*
2. *Skútustaðagígar. Umsókn um framkvæmdaleyfi*
3. *Garður 2. Tillaga að deiliskipulagi.*
4. *Hverir austan Námafjalls. Deiliskipulag*

1. **Geiteyjarströnd. Tillaga að deiliskipulagi og breyting á aðalskipulagi.**

S20130202

Tekið fyrir að nýju erindi sem upphaflega var á dagskrá nefndarinnar á 25. fundi hennar 25. febrúar 2013. Sveitarstjórn samþykkti að kynna lýsingu sem varðar breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 á fundi sínum þann 5. júní s.l. vegna stækkunar á landnotkunarreit **325-O/V**. Leitað var umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og hún kynnt fyrir almenningi, eins og 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um, frá og með 9. júlí til og með 30. júlí s.l.

Athugasemdir/umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Minjastofnun og Vegagerðinni.

Skipulagsnefnd heimilaði á fundi sínum 21. ágúst s.l. áframhaldandi vinnu við deiliskipulagið og breytingu á aðalskipulagi og beindi þeim tilmælum til skipulagsráðgjafa og framkvæmdaraðila að í þeirri vinnu yrði tekið tillit til framkominna athugasemda/umsagna eins og kostur væri.

Innkomin eftirfarandi ný gögn:

1. Breytingarblað vegna breytinga á aðalskipulagi, dags 9. október 2014 frá Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssyni og félögum. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi sem gerð er til samræmis við fyrirliggjandi drög að deiliskipulagi.
2. Drög að deiliskipulagi dags. 9. október frá Mannviti ehf á Húsavík.

Skipulags- og byggingarfulltrúi var með opið hús 27. október þar sem hann kynnti samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi og tillögu að deiliskipulagi eins og 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mæla fyrir um. Ekki komu fram á kynningunni neinar athugasemdir eða ábendingar sem gáfu tilefni til breytinga á tillögunni.

Helgi Héðinsson vék af fundi og tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að hún samþykki að fela skipulags- og byggingarfulltrúa málsmeðferð vegna auglýsingar og kynningar á tillögu að deiliskipulagi á Geiteyjarströnd 1 og breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 til samræmis við deiliskipulagstillöguna eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

2. Skútustaðagígar. Umsókn um framkvæmdaleyfi S20130502

Erindi dags 22.október frá Davíð Örvari Hanssyni f.h. Umhverfisstofnunar þar sem óskað er eftir leyfi til framkvæmda á göngustígum og byggingu útsýnispalls á Hræðuhver við Skútustaðagíga í Mývatnssveit. Umhverfisstofnun hugar að endurbótum á innviðum í landi Skútustaða, við Skútustaðagíga. Svæðið er eitt það fjölsóttasta í sveitinni og eru innviðir svæðisins farnir að láta verulega á sjá. Gert er ráð fyrir nokkrum breytingum á gönguleiðum í gildandi deiliskipulagi fyrir svæðið. Framkvæmdir nú í haust miða að því að bæta göngustíg um Rófur í samræmi við deiliskipulag. Stefnt er að því að hafa jarðvegsskipti í göngustígum þannig að þeir verði úr frostþolnu efni sem síðar er hægt að malbika yfir, hann verður 2 - 2,5 metra breiður, og lítillaga hækkaður upp á köflum. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir 2 metra stíg en bændur á Skútustöðum óskuðu eftir breikkun á litlum kafla svo ekki yrði dregið úr aðgengi dráttarvéla á svæðinu. Á stíginn sem þverar tún Skútustaðabænda verður lagt eco-grid efni, sem eru plastgrindur sem fylltar verða af mold og sáð í grasfræi. Þannig verður stígurinn í fullkomnu samræmi við umhverfið en grindurnar tryggja slitþol vegna gangandi umferðar. Gert er ráð fyrir að samhliða færslu göngustígarins á milli Rófugerðishóla ytri og syðri verði tröppurnar upp á hólana færðar og endurnýjaðar, allt í samræmi við gildandi deiliskipulag. Að lokum er ætlunin að byggja útsýnispall á Hræðuhver, lagfæra göngustíg upp á hverinn og leggja hann steypum einingum. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir malbiki en það er mat fagmanna að steypa þoli betur það hallandi undirlag sem er í gígnum. Vísað er í meðfylgjandi teikningar varðandi útsýnispall á Hræðuhver og skipulagsuppdrátt varðandi breytingar á göngustíg um Rófur.

Ætlunin er að hefja framkvæmdir svo fljótt sem auðið er og verja allt að tveimur vikum í vinnu á svæðinu, eða meðan verður leyfir.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við gildandi deiliskipulag verði erindið samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið eins og viðkomandi lög og reglugerðir mæla fyrir um.

3. Garður 2. Tillaga að deiliskipulagi.

S20120301

Tekin fyrir að nýju tillaga að deiliskipulagi athafnasvæðis með heimild til búsetu í Garði II í Mývatnssveit á svæði sem skilgreint er sem **373 A** í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023. Tillagan var kynnt af skipulags- og byggingarfulltrúa með opnu húsi á skrifstofu Skútustaðahrepps þann 14. júlí s.l. eins og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 kveður á um. Ekki komu fram neinar athugasemdir á kynningunni sem gáfu tilefni til breytinga á tillögunni og var hún auglýst eins og 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um frá og með 5. september með athugasemdafresti til og með 17. október 2014

Þar sem engar athugasemdir bárust á auglýsingatímanum felur skipulagsnefnd skipulags- og byggingarfulltrúa að senda tillöguna til Skipulagsstofnunar til athugunar eins og 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 mælir fyrir um.

4. Hverir austan Námafjalls. Aðal- og deiliskipulag

S20140102

Tekið fyrir að nýju en málið var áður á dagskrá skipulags- og umhverfinesfndar á fundi hennar 2. júní s.l. en þar lagði nefndin til við sveitarstjórn að hún samþykki tillögu að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagstillöguna þegar orðið hefði verið við þeim breytingum sem hún fór fram á.

Á fundi sveitarstjórnar þann 27. ágúst 2014 var þessari tillögu vísað aftur til skipulagsnefndar til frekari skoðunar með það fyrir augum að hafa samtal við Landeigendur og skipulagsráðgjafa um útfærslu mannvirkja við hverasvæðið. Mælst var til þess að samrýma þarfir ferðamanna, álag á stöðum, uppbyggingu og sambýli við heimamenn svo þessir þættir fari sem best saman inn í framtíðina. Óskað var eftir því að nefndin kallaði fulltrúa landeigenda til fundar sem fyrst og sveitarstjóri ásamt oddvita yrðu með í þessari samræðu.

Í viðræðum sveitarstjóra, oddvita og skipulags- og byggingarfulltrúa við formann Landeigendafélagsins kom fram að af þess hálfu væri ekki vilji til að breyta deiliskipulagstillögunni meira en þegar hefði verið gert vegna óska fyrrverandi skipulags og umhverfisnefndar. Formaður Landeigendafélagsins staðfesti þessa ákvörðun í tölvupósti dags. 5. nóv. s.l.

Helgi Héðinsson vék af fundi og tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að fyrirbyggjandi tillaga að deiliskipulagi og breytingar á aðalskipulagi til samræmis við hana verði samþykktar og skipulags- og byggingarfulltrúa verði falið að annast gildistöku tillagnanna eins og skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um.

Fundi slitið